

Greiðsluafkoma ríkissjóðs janúar-október 2008

Greiðsluuppgjör ríkissjóðs eftir fyrstu tíu mánuði ársins liggur nú fyrir. Samkvæmt uppgjörinu nam handbært fé frá rekstri um 24,2 ma.kr., sem er 31,8 ma.kr. lakari útkoma heldur en á sama tíma í fyrra. Innheimtar tekjur voru 14,4 ma.kr. hærri en á sama tíma árið 2007 en greidd gjöld 59,3 ma.kr. hærri. Hreinn lánsfjárfjöfndur er jákvæður um 30,2 ma.kr., sem er 40,7 ma.kr. betri útkoma en í fyrra. Afborganir lána reyndust 12,4 ma.kr. hærri en á sama tíma í fyrra og lántökur 139,7 ma.kr. hærri. Breytinga á handbæru fé var því 167,9 ma.kr. hærri en á sama tíma 2007.

Sjóðstreymi ríkissjóðs janúar-október 2004-2008

	Í milljónum króna				
	2004	2005	2006	2007	2008
Innheimtar tekjur	228.745	336.643	308.354	354.991	369.397
Greidd gjöld	233.304	256.585	258.824	296.464	355.813
Tekjujöfndur	-4.558	80.058	49.530	58.526	13.584
Sóluhagn. af hlutabr. og eignahl.	0	-58.033	-384	-33	-39
Breyting viðskiptahreyfinga	1.710	-1.731	-356	-2.511	10.644
Handbært fé frá rekstri	-2.848	20.294	48.791	55.983	24.189
Fjármunahreyfingar	9.273	48.377	-2.006	-66.485	5.984
Hreinn lánsfjárfjöfndur	6.425	68.671	46.785	-10.502	30.173
Afborganir lána	-30.856	-61.557	-41.565	-33.499	-45.934
Innanlands	-5.678	-14.064	-18.695	-22.269	-30.022
Erlendis	-25.178	-47.493	-22.873	-11.230	-15.912
Greiðslur til LSR og LH	-6.250	-3.300	-3.300	-3.300	-3.300
Lánsfjárfjöfndur, brúttó	-38.680	3.814	1.920	-47.301	-19.061
Lántökur	30.408	9.048	25.961	58.383	198.081
Innanlands	13.136	9.048	21.345	58.206	101.710
Erlendis	17.272	-	4.616	177	96.370
Breyting á handbæru fé	-272	12.862	27.882	11.081	179.020

Innheimtar tekjur ríkissjóðs námu 369 ma.kr. fyrstu tíu mánuði ársins sem er aukning um 14 ma.kr. frá sama tíma í fyrra, eða 4,1% aukning að nafnvirði. Skatttekjur og tryggingagjöld námu 334 ma.kr. sem samsvarar 3,7% aukningu að nafnvirði á milli ára. Á sama tíma hefur almennt verðlag hækkað um 10,7% (VNV án húsnæðis) og skatttekjur og tryggingagjöld hafa því dregist saman um 6,3% að raunvirði. Aðrar rekstrartekjur jukust um 28,9% og þar af er mest hækking á vaxtatekjum af bankainnstæðum eða 99,6%. Þá nam eignasala ríkissjóðs um 3 ma.kr. á fyrstu tíu mánuðum ársins.

Skattar á tekjur og hagnað námu um 129 ma.kr. sem er 12,8% aukning frá sama tíma árið áður. Þar af nam tekjuskattur einstaklinga 72 ma.kr. (aukning um 5,1%), tekjuskattur lögaðila 20 ma.kr. (aukning um 10,2%) og fjármagnstekjuskattur 36 ma.kr. (aukning um 34%). Innheimta eignarskatta var um 7 ma.kr. sem er samdráttur upp á 29,4% á milli ára. Þar af námu stimpilgjöld rúmum 5 ma.kr. en innheimta þeirra hefur dregist saman um tæpa 3 ma.kr. frá fyrra ári.

Frá ársbyrjun hafa veltuskattar skilað ríkissjóði 156 ma.kr. sem er samdráttur upp á 1,9% að nafnvirði frá fyrstu tíu mánuðum fyrra árs, og 11,4% raunsamdráttur (m.v. hækkun VNV án húsnæðis). Innheimta veltuskatta í októbermánuði skilaði ríkissjóði tæpum 15 ma.kr. sem er tæplega 2 ma.kr. lækkun frá sama mánuði í fyrra. Þegar horft er til 6 mánaða hlaupandi meðaltals nemur raunlækkun veltuskatta nú 18% á milli ára sem er mesta raunlækkun um árabíl eins og sést á myndinni hér að neðan. Þetta er enn ein vísbending um að dregið hefur verulega úr umsvifum í hagkerfinu. Virðisaukaskattur skilaði ríkissjóði 110 ma.kr. á tímabilinu sem er 1,5% samdráttur að nafnvirði frá fyrstu tíu mánuðum ársins 2007 og 11,1% raunsamdráttur. Þá dróst virðisaukaskattur í októbermánuði einum saman um 9,5% að nafnvirði en hann kemur af smásölu fyrir mánuðina júlí og ágúst. Af öðrum helstu liðum veltutengdra skatta er mestur samdráttur í vörugjöldum af ökutækjum, sem hafa verið stærsti liður vörugjaldanna undanfarin ár, eða 19,6% samdráttur. Tekjur af tollum og aðflutningsgjöldum námu 5 ma.kr. sem er aukning um 11,8% og tekjur af tryggingagjöldum námu 34 ma.kr. sem er aukning um 6% á milli ára.



Greidd gjöld nema 355,8 ma.kr. og hækka um 59 ma.kr. frá fyrra ári eða um 20%. Mest aukning er vegna almannatrygginga- og velferðarmála 18,8 ma.kr. eða 26,9%. Þar munar mest um lífeyristryggingar sem hækka um 10,1 ma.kr. á milli ára, barnabætur um 3 ma.kr. og vaxtabætur um 1,4 ma.kr. Efnahags- og atvinnumál hækka um 12,1 ma.kr. á milli ára eða 29% þar sem mestu munar um stofnanir samgönguráðuneytisins. Heilbrigðismál hækka

um 10,5 ma.kr. þar sem útgjöld vegna sjúkratrygginga og Landspítala aukast mest á milli ára. Einnig hækkar almenn opinber þjónusta um 8,9 ma.kr. eða 23% og menntamál um 4 ma.kr. eða 12%.

Hreinn lánsfjárjöfnuður ríkissjóðs var jákvæður um 30,2 ma.kr. Afborganir lána námu 45,9 ma.kr., þar af voru 30 ma.kr. til niðurgreiðslu innlendra skulda. Greiðslur til LSR og LH námu um 3 ma.kr. Lántökur námu 198,1 ma.kr., þar sem 101,7 ma.kr. voru teknir að láni innanlands. Lántökur eru umfram lánsfjárþörf en ákvörðun var tekin á vormánuðum um að auka útgáfur á stuttum ríkisbréfum í því skyni að auka virkni á skuldabréfa- og gjaldeyrismarkaði. Jafnframt var í september tekið 300 milljóna EUR lán til styrkingar gjaldeyrisvaraforða.

Tekjur ríkissjóðs janúar-október 2006-2008

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %		
	2006	2007	2008	2006	2007	2008
Skatttekjur og tryggingagjöld	287.295	322.065	334.021	11,8	12,1	3,7
Skattar á tekjur og hagnað	97.368	114.169	128.755	19,9	17,3	12,8
Tekjuskattur einstaklinga	62.249	68.579	72.070	13,1	10,2	5,1
Tekjuskattur lögaðila	17.129	18.563	20.458	103,0	8,4	10,2
Skattur á fjármagnstekjur	17.990	27.027	36.227	1,4	50,2	34,0
Eignarskattar	7.627	9.527	6.725	-37,0	24,9	-29,4
Skattar á vöru og þjónustu	146.878	159.047	155.999	10,3	8,3	-1,9
Virðisaukaskattur	101.916	111.902	110.185	11,5	9,8	-1,5
Vörugjöld af ökutækjum	8.883	8.873	7.130	3,2	-0,1	-19,6
Vörugjöld af bensíni	7.436	7.637	7.403	-0,4	2,7	-3,1
Skattar á olíu	5.577	6.141	6.259	41,2	10,1	1,9
Áfengisgjald og tóbaksgjald	9.291	9.745	9.860	3,8	4,9	1,2
Aðrir skattar á vöru og þjónustu	13.776	14.747	15.162	7,5	7,0	2,8
Tollar og aðflutningsgjöld	3.357	4.359	4.876	21,0	29,8	11,8
Aðrir skattar	1.504	2.586	3.333	8,6	72,0	28,9
Tryggingagjöld	30.560	32.377	34.333	16,6	5,9	6,0
Fjárframlög	1.207	973	339	255,8	-19,4	-65,2
Aðrar tekjur	19.072	25.023	32.261	-10,9	31,2	28,9
Sala eigna	781	6.931	2.776	-	-	-
Tekjur alls	308.354	354.991	369.397	-8,4	15,1	4,1

Gjöld ríkissjóðs janúar–október 2006-2008

	Milljónir króna			Breyting frá fyrra ári, %	
	2006	2007	2008	2007	2008
Almenn opinber þjónusta	31.847	38.250	47.126	20,1	23,2
Þar af vaxtagreiðslur	8.592	11.536	13.747	34,3	19,2
Varnarmál	487	687	921	41,0	34,1
Löggæsla, réttargæsla og öryggismál	11.262	13.115	16.179	16,5	23,4
Efnahags- og atvinnumál	35.695	41.207	53.328	15,4	29,4
Umhverfisvernd	2.835	3.324	3.651	17,3	9,8
Húsnæðis- skipulags- og veitumál	333	351	445	5,3	26,8
Heilbrigðismál	69.424	77.209	87.678	11,2	13,6
Menningar-, íþróttá- og trúmál	11.422	13.122	14.098	14,9	7,4
Menntamál	28.528	31.991	35.963	12,1	12,4
Almannatryggingar og velferðarmál	59.331	70.084	88.904	18,1	26,9
Óregluleg útgjöld	5.478	7.124	7.520	30,0	5,6
Gjöld alls	256.642	296.464	355.813	15,5	20,0